

Einbýlishús .....	3%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð .....	2%
Tveggja hæða íbúðarhús .....	2%
Fjölbýlishús .....	1.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	2%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði .....	0.8%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 50.00 af hverjum fermetra lóðar.

#### 2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags við hlutaðeigandi götu fer fram.

#### 3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir: Fyrsta greiðsla, sem nemur 20% gjaldsins, greiðist, er bundið slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu.

Eftirstöðvarnar skulu greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum og skal dagsetning gjalddaga vera sú hin sama og fyrsta greiðsla.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrr en gangstétt er fullfrágengin.

#### 4. gr.

Gatnagerðargjaldið má taka lögtaki í viðkomandi fasteign og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um starfstíma grunnskóla.

#### 1. gr.

Skólanefnd ákveður, innan marka þessarar reglugerðar og að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, hver skuli vera árlegur starfstími grunnskóla, sbr. 41. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

Fræðsluráð og skólanefnd ákveða hvort vera skuli 5 eða 6 daga skólavika í skólahverfinu.

#### 2. gr.

Árlegur starfstími grunnskóla skal vera sem næst því sem hér segir:

- a) 9 mánuðir ..... þ. e. frá 1. sept.—31. maí
- b) 8½ mánuðir ..... þ. e. frá 15. sept.—31. maí

- c) 8 mánuðir ..... þ. e. frá 15. sept.—15. maí eða frá 23. sept.—23. maí eða frá 1 okt.—31. maí
- d) 7½ mánuður ..... þ. e. frá 15. sept.—30. apríl eða frá 23. sept.—7 maí eða frá 1 okt.—15. maí
- e) 7 mánuðir ..... þ. e. frá 15. sept.—15. apríl eða frá 23. sept.—23. apríl eða frá 1. okt.—30. apríl.

### 3. gr.

Sé um 6 daga skólaviku að ræða skal starfsdögum skipt þannig að ákveðinn fjöldi fari til kennslu og prófa, en öðrum dögum, að frátöldum leyfisdögum skv. reglugerð, sé varið til annarra þarfa skólans. Skipting þessi skal vera sem hér greinir:

- a) í 9 mánaða skóla ..... til kennslu og prófa 195 dagar til annarra starfa 12—18 dagar
- b) í 8½ mánaðar skóla ..... til kennslu og prófa 186 dagar til annarra starfa 9—15 dagar
- c) í 8 mánaða skóla ..... til kennslu og prófa 177 dagar til annarra starfa 4—11 dagar
- d) í 7½ mánaðar skóla ..... til kennslu og prófa 165 dagar til annarra starfa 2—10 dagar
- e) í 7 mánaða skóla ..... til kennslu og prófa 156 dagar til annarra starfa 2—6 dagar

Fjöldi daga til annarra starfa er breytilegur eftir því hvort hvítasunna er á starfstíma skólans, hvort hlaupár er og hvort 1. des. eða 1. maí falla á sunnudag.

### 4. gr.

Sé um 5 daga skólaviku að ræða skal starfsdögum skipt þannig, að ákveðinn fjöldi daga fari til kennslu og prófa en öðrum dögum, að frátöldum laugardögum og leyfisdögum skv. reglugerð, sé varið til annarra þarfa skólans. Skipting þessi skal vera sem hér greinir:

- a) í 9 mánaða skóla ..... til kennslu og prófa 163 dagar til annarra starfa 9—14 dagar
- b) í 8½ mánaðar skóla ..... til kennslu og prófa 155 dagar til annarra starfa 7—12 dagar
- c) í 8 mánaða skóla ..... til kennslu og prófa 148 dagar til annarra starfa 2—10 dagar
- d) í 7½ mánaðar skóla ..... til kennslu og prófa 138 dagar til annarra starfa 0—8 dagar
- e) í 7 mánaða skóla ..... til kennslu og prófa 130 dagar til annarra starfa 0—5 dagar

Fjöldi daga til annarra starfa er breytilegur eftir því hvort hvítasunna er á starfstíma skólans, hvort hlaupár er og hvort 1. des. eða 1. maí falla á sunnudag eða laugardag.

### 5. gr.

Innan þeirra marka, sem tilgreind eru í 3. og 4. gr., ákvarða skólastjóri og kennararáð (kennarafundur) um ráðstöfun þeirra daga sem ætlaðir eru til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa. Skal sú ákvörðun birt kennurum og nemendum, svo og fræðslustjóra, við upphaf skólaárs. Heimilt er þó að víkja frá ákvörðun um daga til annarra þarfa teljist það nauðsynlegt að dómi framangreindra aðila. Sé heimild til að verja umræddum starfsdögum til annars en kennslu og prófa ekki nýtt að fullu fjölgar kennsludögum á skólaárinu að sama skapi.

Þar sem fleiri en einn grunnskóli eru í sama skólahverfi getur skólanefnd beitt sér fyrir því að starfsáætlanir skólanna samkvæmt þessari grein verði samræmdar.

#### 6. gr.

Þegar ákveðnir eru starfsdagar til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa skal einkum miðað að eftirfarandi:

- a) kynningu atvinnulífsins,
- b) skíðaferðum og útiveru,
- c) landgræðslustörfum, sbr. lög nr. 58/1974, um landgræðslustörf skólafólks, og reglugerð nr. 448/1975.
- d) foreldradögum,
- e) vinnu kennara að kennsluáætlunum, undirbúningi að hópkenndu o. fl.,
- f) ferðalögum nemenda,
- g) skólaskemmtunum,
- h) dögum, sem hefðbundnar athafnir eru tengdar við.

#### 7. gr.

Af dögum til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa er heimilt að verja allt að helmingi til þess að kynna nemendum ýmsa þætti atvinnulífsins, sbr. a-lið 6. gr. Skal einkum lögð áhersla á að kynna nemendum undirstöðugreinar atvinnulífsins: landbúnaðarstörf (sauðburð, göngur og réttir, fóðrun og meðferð húpenings); fiskveiðar (einkum meðferð veiðarfæra), fiskverkun og aðra matvælavinnslu. iðnaðarstörf, meðferð véla og vélbúnaðar og öryggi á vinnustöðum, svo og ýmis önnur störf.

Stefnt skal að því eftir fögum, að sérhver nemandi reyni og læri sem flest handtök og vinnubrögð sem beinn þátttakandi í störfunum. Þá skal þess og gætt, að kynning atvinnulífsins komi skólanáminu að sem mestu gagni, m. a. með ýmsum raunhæfum athugunum og greinargerðum um kynninguna eftir á.

Í skólahverfum, þar sem örðugt er að koma við heinni þátttöku nemenda í atvinnulífinu, skulu nemendur 8.—9. bekkjar njóta forgangs.

Í aðalnámsskrá grunnskóla skal setja ákvæði um kynningu atvinnulífs í samræmi við þessa reglugerð. Stefnt skal að því að kynningin tengist öðru verklegu og bóklegu námi.

#### 8. gr.

Valdi aðstæður því, að erfitt sé að fullnægja ákvarðaðri starfsdagaskyldu grunnskóla á reglulegum starfstíma getur skólanefnd farið þess á leit að hluta námsskvlðu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla. Getur fræðsluráð þá heimilað, að fenginni umsögn fræðslustjóra, að allt að fjórðungur kennslutíma hlutaðeigandi skóla fari fram með þeim hætti.

Ákvörðun fræðsluráðs um sumarskóla skal jafnan tekin með nægum fyrirvara.

#### 9. gr.

Um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla fer eftir viðmiðunarstundaskrá, sem menntamálaráðuneytið gefur út árlega sbr. 44. gr. grunnskólalaga.

Varðandi fasta leyfisdaga skal miða við ákvæði 45. gr. sömu laga og reglugerðar um leyfi í skólum. Skrá um fasta leyfisdaga skal birta nemendum og kennurum í upphafi skólaárs.

Um prófdaga vegna prófa, sem lögð eru fyrir heila árganga nemenda, fer samkvæmt ákvæðum 60. gr. grunnskólalaga.

#### 10. gr.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólustjóra. Eigi má þó samfelld

kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru.

**11. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og öðlast hún gildi hinn 1. september 1976.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. mars 1976.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**REGLUGERÐ**

**um leyfi í skólum.**

**1. gr.**

Í skólum, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skulu leyfi nemenda vera sem hér segir:

- I. 1. desember.
- II. Jólaleyfi: frá og með 21. desember til og með 3. janúar.
- III. Öskudagur.
- IV. Páskaleyfi: frá pálmásunnudegi til þriðjudags eftir páska að honum meðtöldum.
- V. Sumardagurinn fyrsti.
- VI. 1. maí.
- VII. Uppstigningardagur.
- VIII. Hvítasunnuleyfi: frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðjudags eftir hvítasunnu að honum meðtöldum. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
- IX. 17. júní (í skólum sem þá kunna að vera starfandi).
- X. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.

**2. gr.**

Reglugerð þessi tekur til grunnskóla svo og framhaldsskóla ef lög eða reglugerðir um þá mæla ekki fyrir um annað. Reglugerðin tekur ekki til Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

**3. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 45. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast gildi hinn 1. september 1976. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 41/1973, um leyfi í skólum svo og önnur ákvæði er kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. mars 1976.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*